

Ed.

208. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

- a. B-liður 1. gr. laga nr. 44 19. júní 1933 hljóði svo:

Hlutina má selja bæði í heilu lagi og hálfu og enn fremur skipta þeim í fjórðunga, ef reynslan sýnir, að það sé hentugra. Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður fjármálaráðherra, samkvæmt tillögum happdrættisstjórnarinnar og að fengnum tillögum happdrættisráðs, fyrir eitt ár í senn.

- b. Á undan tölunni „5000“ í c-lið sömu lagagreinar komi orðin: ekki færri en.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt falla úr gildi lög nr. 48 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. tilmælum stjórnar Happdrættisins. Einstakir nefndarmenn hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við það. Frv. fylgdu svo látandi athugasemdir og skýringar:

„Eins og kunnugt er, var verð happdrættismiða hækkað árið 1941 úr kr. 60.00 í kr. 80.00, var þetta gert vegna aukins kostnaðar við happdrættið, aðallega vegna þess að umboðsmennirnir, sem hafa 7% umboðslaun af seldum miðum, þurftu vegna aukins rekstrarkostnaðar að fá hækkun umboðslauna, en ekki þótti fært að hækka þann hundraðshluta, sem þeir höfðu af seldum miðum.

Sömu ástæður liggja til þess nú, að stjórn happdrættisins telur nauðsynlegt að hækka verð happdrættismiðanna. Allur kostnaður við rekstur happdrættisins hefur aukizt gífurlega, bæði kaupgjald og annað. Öll umboðslaun voru árið 1939 81600 kr. og 1941 119000 kr., en verða örlitlu hærri þetta ár vegna aukinnar sölu. Ef bæta ætti umboðsmönnum af tekjum happdrættisins eitthvað í áttina við það, sem kaupgjald og annar kostnaður hefur hækkað, er það ljóst, að allverulega yrði skert það fé, er happdrættið skilar í byggingarsjóð háskólans, og með áframhaldandi hækkun mundi það hverfa með öllu.

Með því að það er ekki ósennilegt, að síðar þurfi á ný að breyta verði miðanna, en óhentugt er að gera lagabreytingu í hvert sinn, er þarf að breyta verði happdrættismiða, er með frumvarpi þessu gerð sú breyting á happdrættislögunum, að fjármálaráðherra ákveði verð happdrættismiðanna samkvæmt tillögum stjórnar happdrættisins og að fengnu álitu happdrættisráðs.“

Fylgiskjal.

HAPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Reykjavík, 8. jan. 1943.

Til stjórnar Happdrættis Háskóla Íslands.

Með skírskotun til bréfs míns 12. okt. s.l. um horfur happdrættisins á næstu árum, skal ég leyfa mér að taka þetta fram til viðbótar því, sem þar er sagt:

Tekjur af rekstri happdrættisins frá upphafi hafa orðið:

1934	kr. 116772.99
1935	— 210142.26
1936	— 158474.51
1937	— 141655.50
1938	— 211638.00
1939	— 186143.63
1940	— 208963.13
1941	— 301129.21
1942 áætlað	— 240000.00

kr. 1774919.23 eða 1775 þús. kr.

Af þessu fé rennur tíundi hluti til atvinnudeildarinnar, kr. 177500.00.

Til byggingar háskólans handbært	kr. 1597500.00
Áhvilandi byggingarskuldir	— 510000.00
	kr. 2107500.00

Greitt til byggingar atvinnudeildar	kr. 200000.00
Til byggingar háskólans hefur því verið varið	<u>kr. 1907500.00</u>
	Kr. 1907500.00

Með þeirri hækkun á veltu happdrættisins, sem farið er fram á, og óbreyttri sölu happdrættismiða, fengi happdrættið fyrir selda miða kr. 2.5 millj. Í bréfi mínu 12. okt. gerði ég ekki ráð fyrir, að menn mundu kippa að sér hendinni um kaup á happdrættismiðum við þessa hækkun. Síðan virðast mér þær breytingar hafa orðið, að varlegra mundi þó að gera ráð fyrir einhverri lækkun. Ég get þó ekki hugsað mér, að um meiri en 5% lækkun geti orðið að ræða, sennilega minni, en sé gengið út frá því, að við velta happdrættisins kr. 2375000.00. Af þessari upphæð renna 23% til happdrættisins, þegar sölulaun umboðsmanna hafa verið dregin frá, eða um 545 þús. kr. Rekstrarkostnað áætlaði ég kr. 190000.00, og var þá miðað við visitölu 250, og er rétt að hækka þá áætlun nokkuð og áætla hreinar tekjur kr. 330000.00, þar af kr. 300000.00 í hlut háskólans. Á 4 árum yrði þetta 1200 þús. kr. En þegar tekið er tillit til þess, að almennt er búizt við fjárhagsvandræðum og samdrætti í öllum eignum áður en þessi 4 ár eru liðin, og getur jafnvel til þess komið, að lækka þurfi veltu happdrættisins, má varla gera ráð fyrir meiri tekjum en 1 milljón kr. samtals, það sem eftir er af sérleyfistímanum.

Skuldir háskólabyggingarinnar eru nú, eins og áður segir, 510 þús. kr. Þegar þær eru að fullu greiddar, yrði um ½ millj. kr. eftir til ráðstöfunar. Því fé yrði varið sem hér segir:

1. Til þess að fullgera háskólann. Enn er eftir að ganga frá því húsnæði, sem ætlað er til tannlæknakennslu, og öllum kjallaranum undir útbyggingunni, sem er ætlaður til bókaeymslu. Þá hefur verið gert ráð fyrir að setja lyftu í húsið o. fl.

2. Til greiðslu vaxta.

3. Til þess að ganga frá háskólalóðinni. Stærð lóðarinnar er 6.7 ha. Lóðina þarf að girða gripheldri girðingu, og þarf að vanda til girðingarinnar, svo að hún sómi sér vel. Lengd girðingarinnar mun verða nál. 1 km. Lóðin er mjög óslétt og dældótt, og liggur auk þess í halla. Þarf að flytja afar mikið til á lóðinni og auk þess að flytja þangað mikið af gróðrarmold, tyrfa yfir eða sá grasfræi, planta trjám, leggja gangstiga og margt fleira. Mjög mikil vinna er óunnin við skálina fyrir framan háskólann, að slétta hana og laga og tyrfa, hlaða upp skálarveginn eða steypa. Loks þarf að gera vandaðan akveg, macadamiseraðan eða steyptan, frá fyrirhuguðum vegi suður mýrina, í hálfhring upp að háskólanum, í sveig utan um skálina og aftur niður á veginn. Sá vegur yrði allbreiður og um 300 m langur að minnsta kosti. Eg get ekki gert mér neina grein fyrir kostnaði við allt þetta. Þó tel ég fullvíst, að með því verðlagi, sem nú er, og vinnulaunum, en þau eru langmestur hluti kostnaðarins, mundi ½ millj. hvergi nærri hrökkva til þess, og væri þá vel, ef framanrituð tekjuáætlun reyndist varlega gerð. Ég býst við því, að öllu muni til skila haldið, að auðið verði að framkvæma það nauðsynlegasta á lóðinni af tekjum þeirra 4 ára, sem eru eftir af sérleyfistímanum.

Að lokum skal ég ítreka það, sem ég gat um í bréfi mínu 12. okt., að engin von er til þess, að umboðsmenn happdrættisins sætti sig við að starfa áfram með sömu kjörum sem áður, ef þeim verður ekki séð fyrir auknum tekjum með því að hækka veltu þeirra. Ef bæta ætti þeim upp dýrtíðina, þó ekki væri nema með 100%, miðað við 1939, af tekjum happdrættisins, án hækkunar á verði miðanna, mundi það kosta happdrættið um 40000 kr. á ári, en við það mundu tekjur happdrættisins lækka niður í um 150000 kr., að öllu öðru óbreyttu.

Virðingarfyllt

Pétur Sigurðsson.